# HRUNAMANNAHREPPUR

## 23. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR
## KJÖRTÍMABILIÐ 2022 – 2026

## 10. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2023, þann 17. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Alexandra Rós Jóhannesdóttir. Auk þeirra sat fundinn Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri, sem skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

***<u>Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:</u>***

1. **Skólanefnd: Fundargerð 5. fundar vegna Flúðaskóla frá 8. maí sl.**
   Lögð fram fundargerð 5. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla.

   *Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

***<u>Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:</u>***

2. **Fundargerð 260. fundar skipulagsnefndar frá 10. maí sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. maí sl.**
   Lögð fram fundargerð 260. fundar skipulagsnefndar frá 10. maí sl. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. maí sl.

   *Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

   **Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. maí sl.**
   Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 3. maí sl.

3. **Skóla- og velferðarþjónusta Árnesþings bs.: Fundargerð stjórnar frá 11. maí sl.**
   Lögð fram fundargerð Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

   *Sveitarstjórn harmar að ekki skuli búið að boða öldungaráð Uppsveita til fyrsta fundar. Nú er um ár liðið frá því að erindisbréf ráðsins var samþykkt og því ætti ekkert að koma í veg fyrir að ráðið geti tekið til starfa. Við hvetjum stjórn Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings til að taka málið á dagskrá og sjá til þess að fundur verði boðaður hið allra fyrsta. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

***<u>Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:</u>***

4. **SASS: Fundargerð 595. fundar stjórnar frá 5. maí sl.**
   Lögð fram fundargerð 595. fundar stjórnar SASS.

   *Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

5. **Héraðsnefnd Árnesinga bs.: Fundargerð 29. fundar frá 28. apríl sl.**
Lögð fram fundargerð 29. fundar Héraðsnefndar Árnesinga bs.

*Vegna umræðu um uppbyggingu á vegum Brunavarna Árnessýslu vill sveitarstjórn árétta nauðsyn þess að þegar í stað verði hafinn undirbúningur að byggingu björgunarmiðstöðvar á Flúðum enda er ljóst að sú framkvæmd hefur verið aðkallandi til margra ára. Sú miðstöð hefur verið efst á fjárfestingaáætlun og hefur ríkt sátt um þá forgangsröðun á vettvangi Brunavarna og Héraðsnefndar og því mikilvægt að þeirri stefnu verði fylgt eftir. Sveitarstjóra falið að boða til fundar nú þegar með framkvæmdastjóra Brunavarna Árnessýslu vegna málsins. Að öðru leyti er fundargerðin lögð fram til kynningar.*

6. **Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 227. fundar frá 4. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 227. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

7. **Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 205. fundar stjórnar frá 5. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 205. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

8. **Tónlistarskóli Árnesinga: Fundargerð 206. fundar stjórnar frá 9. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 206. fundar stjórnar Tónlistarskóla Árnesinga.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

9. **Svæðisskipulag Suðurhálendis: Fundargerð 25. fundar frá 5. maí sl.**
Lögð fram fundargerð 25. fundar Svæðisskipulags Suðurhálendis.

*Með tilvísan í 3. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 15. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 samþykkir sveitarstjórn þá tillögu að svæðisskipulagi Suðurhálendisins 2022-2042 sem hér er lögð fram. Þar með fer tillagan til umsagnar hjá Skipulagsstofnun og í kjölfarið auglýst. Fundargerðin er að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

***<u>Erindi til sveitarstjórnar:</u>***

10. **Umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis frá 28. apríl 2023.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Atvinnuveganefnd Alþingis um tillögu til þingsályktunar um aðgerðaráætlun í málefnum hönnunar og arkitektúrs fyrir árin 2023-2026, 978. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

11. **Umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis frá 5. maí 2023.**
Lögð fram umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis um frumvarp til laga um tímabundnar undanþágur frá skipulags- og byggingarlöggjöf og skipulagi, 1028. mál.

*Lagt fram til kynningar.*

12. **Skýrsla um vindorkumál til umsagnar.**
Lögð fram skýrsla til umsagnar frá Stjórnarráði Íslands um vindorkumál. Í skýrslunni er að finna mat og greiningu sem ætlað er að stuðla að samtali á meðal þjóðarinnar um vindorku. Í framhaldi verða svo unnin drög að lagafrumvarpi. Sveitarstjórnarmenn hafa einnig fengið senda í tölvupósti umsögn Samtaka orkusveitarfélaga um skýrsluna.

*Lagt fram til kynningar.*

13. **Bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga frá 9. maí 2023.**
Lagt fram bréf frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga þar sem kynnt er almennt eftirlit með fjármálum sveitarfélaga á árinu 2023.

*Lagt fram til kynningar en hér er um hefðbundið rútínubréf frá Eftirlitsnefndinni til allra sveitarfélaga að ræða.*

14. **Bréf frá framkvæmdastjóra landskjörstjórnar frá 5. maí 2023.**
Lagt fram bréf frá framkvæmdarstjóra landskjörstjórnar vegna rásfundar fyrir forsetakosningar 2024.

Sveitarstjórn vísar erindinu til kjörstjórnar en væntanlega mun formaður kjörstjórnar Helgi Jóhannesson sitja fundinn fyrir hönd Hrunamannahrepps.

15. **Bréf frá stjórn VÍN (Vinir íslenskrar náttúru) frá 14. apríl 2023.**
Lagt fram bréf frá stjórn VÍN um skipulag skógræktar þar sem bent er á að þeim sem fara með skipulagsmál er falin mikil ábyrgð og ákvarðanir þeirra ráða miklu um hvernig vistkerfi og ásýnd landsins mótast til framtíðar. Skipulagning skiptir gríðarlega miklu máli og að þar sé unnið af vandvirkni og með langtímasjónarmið í huga.

*Sveitarstjórn vísar erindinu til meðferðar í Umhverfisnefnd. Oddvita er einnig falið að fylgja málinu eftir á vettvangi Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita og Flóa.*

16. **Framlenging á samningi um garða- og sláttuþjónustu við Grænna land ehf.**
Lögð fram framlenging á samningi um garða- og sláttuþjónustu við Grænna land ehf. á sama grunni og verið hefur í gildi undanfarin ár.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.*

17. **Samstarfssamningur við Golfklúbb Flúða.**
Lagður fram samstarfssamningur milli Hrunamannahrepps og Golfklúbbs Flúða. Samningi þessum er ætlað að efla öflugt íþrótta, tómstunda- og æskulýðsstarf fyrir börn og ungmenni í sveitarfélaginu. Samningnum er einnig ætlað að tryggja enn frekar starfsemi Golfklúbbsins sem er bæði aðdráttarafl og góð afþreying í Hrunamannahreppi.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum og felur sveitarstjóra að undirrita hann.*

18. **Kauptilboð um kaup á eignum og rekstri Hótels Flúða ehf.**
Lagt fram kauptilboð um kaup á eignum og rekstri Hótels Flúða ehf.

*Sveitarstjórn samþykkir tilboðið og óskar nýjum eigendum farsældar við rekstur hótelsins í framtíðinni.*

19. **Breytingar á samþykkt um stjórn Hrunamannahrepps – fyrri umræða.**
Lagðar fram breytingar á samþykktum um stjórn Hrunamannahrepps til fyrri umræðu.

*Sveitarstjórn samþykkir að vísa breytingunum til síðari umræðu sveitarstjórnar.*

***Verkfundargerðir:***

a. **Kópsvatn-Garðastígur: Verkfundargerð 15. fundar.**
*Fundargerðin samþykkt.*

***Mál til kynningar:***

b. **Samband íslenskra sveitarfélaga:Fundargerð 925. fundar stjórnar frá 28. apríl sl.**
*Lagt fram til kynningar.*

c. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 61. fundar stjórnar frá 13. apríl sl.**
   *Lagt fram til kynningar.*

d. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 62. fundar stjórnar frá 21. apríl sl.**
   *Lagt fram til kynningar.*

e. **Samtök orkusveitarfélaga: Fundargerð 63. fundar stjórnar frá 11. maí sl.**
   *Lagt fram til kynningar.*

f. **Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2022.**
   *Lagt fram til kynningar.*

g. **Minnisblað frá Héraðsskjalasafni Árnesinga bs. um rekstur og húsnæðismál Héraðsskjalasafns Árnesinga.**
   *Lagt fram til kynningar.*

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:26.